

SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2016, 27. apríl, var haldinn 97. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn var haldinn í Hofi á Höfðatorgi í Reykjavík og hófst kl. 11:05. Fundinn sátu Skúli Helgason (S) formaður, Eva Einarsdóttir (Æ), Jóna Björg Sætran (B), Líf Magneudóttir (V), Marta Guðjónsdóttir (D) og Sabine Leskopf (S). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Arnaldur Sigurðarson (P); Andrea Sigurjónsdóttir, starfsfólk í leikskólum; Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Birgitta Bára Hassenstein, foreldrar barna í grunnskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, skólastjórar í leikskólum; Rósa Ingvarsdóttir, kennarar í grunnskólum og Sveinn Sigurður Kjartansson, foreldrar barna í leikskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Eygló Traustadóttir, Guðlaug Sturlaugsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Kristján Gunnarsson, Soffía Pálsdóttir og Valgerður Janusdóttir. Fundarritari var Guðrún Sigtryggisdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 25. apríl 2016, um tillögur varðandi stuðning í leikskólum. Jafnframt lögð fram drög að reglum við úthlutun á stuðningstímum í leikskólum Reykjavíkur, dags. 27. apríl 2016, reglur við úthlutun á stuðningstímum í leikskólum Reykjavíkur með breytingum og reglur við úthlutun á stuðningstímum til barna í leikskólum hjá Reykjavíkurborg, samþykktar í borgarráði 6. október 2011. Elísabet Helga Pálmadóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs, kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2016040149
- Kl. 11:20 tekur Kjartan Magnússon sæti á fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Ekki verður annað séð en að fyrirbyggjandi tillaga um úthlutun á stuðningstímum í leikskólum Reykjavíkur feli í sér skerðingu á þjónustu þar sem horfið verður frá því að úthluta fé vegna barna með málþroskafrávik sérstökum sérkennslustundum með sérkennara en þess í stað fer stuðningurinn fram í hópnum sem allir starfsmenn sinna óháð því hvort þeir hafi sértæka menntun á sviði sérkennslu eða ekki. Ljóst er að tilgangur umræddra breytinga er að mæta boðuðum niðurskurði í sérkennslu upp á 80 milljónir króna.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina ítrekar mikilvægi þess að fyrirhugaðar breytingar á úthlutun á stuðningstímum í leikskólum Reykjavíkur verði kynntar vel fyrir foreldrum almennt – ekki aðeins foreldrum þeirra barna sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Hér er um mikla breytingu að ræða sem nauðsynlegt er að meta árangur af að ári til að aðlagð breytingarnar ef þörf verður talin á.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja áherslu á að þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á skipulagi sérkennslu í leikskólum miða að því að styrkja fagstarfið og gera stuðning við börn með sérþarfir markvissari. Tekið hefur verið tillit til sjónarmiða leikskólastjóra um mikilvægi þess að efla faglegan hluta stuðningsins og auka ráðgjöf til leikskólastarfsfólks um árangursríkar aðferðir í þágu barna sem þurfa sérstakan stuðning. Þannig verður fjármagnið nýtt með markvissari hætti til að stuðla að auknum framförum og velferð viðkomandi barna í leikskólunum.

2. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 7. mars 2016, um rekstur félagsmiðstöðvar fyrir fullorðna að Hraunbæ 105. Jafnframt lögð fram drög að samningi skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs um rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Hraunbæ 105 ásamt fylgiskjali um hugmyndafræði félagsstarfs í félagsmiðstöðvum Reykjavíkurborgar og fjármál. Enn fremur lögð fram umsögn notendaráðs Hraunbæjar 105, dags. 8. apríl 2016 og bókun hverfisráðs Árbæjar, dags. 15. apríl 2016. SFS2016030076

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

3. Lagt fram bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 25. apríl 2016, þar sem lagt er til að að sett verði viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem greitt er framlag vegna til sjálfstætt reknu grunnskólanna Hjallastefnunnar ehf, Waldorfskólans Lækjarbotnum og International School of Iceland. Greinargerð fylgir. Jafnframt lögð fram minnisblöð sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 31. mars og 6. apríl 2016, um grunnskólagöngu reykvískra nemenda í sjálfstætt reknum grunnskólum utan lögheimilis. Enn fremur lögð fram bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. apríl 2016, til Hjallastefnunnar, Waldorfskólans Lækjarbotnum og bréf, dags. 13. apríl 2016, til International School of Iceland og Samtaka sjálfstæðra skóla. SFS2016040020

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs í bréfi, dags. 25. apríl 2016, til skóla- og frístundaráðs, um viðmið um mestan fjölda reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna í International School of Iceland, Waldorfskólanum Lækjarbotnum, Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ og í Tálknafirði auk fyrirvara, samþykkt og vísað til borgarráðs. Ákvörðun um viðmið er tímabundin til 1. júlí 2017, fyrir þann tíma verður tekin ákvörðun um framlengingu eða endurskoðun á fyrirkomulaginu.

- Kl. 11.55 vikur Hildur Skarphéðinsdóttir af fundi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina telja æskilegt að grunnskólanemendur í Reykjavík hafi val um hvaða skóla þeir sækja, óháð rekstrarformi skóla eða sveitarfélagamörkum og styðja því ekki þá ógagnsæu kvótasetningu sem meirihluti Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna leggur til að viðhöfð verði í þessum efnum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata benda á að með þessu máli er tryggt jafnræði í meðferð mála sem tengjast samstarfi við sjálfstætt starfandi grunnskóla innan og utan borgarmarkanna. Athyglisvert er að fulltrúar minnihlutans í ráðinu sýna með afstöðu sinni að þeir telja ekki mikilvægt að beita jafnræðisreglunni í þessu máli heldur eru tilbúnir að veita sjálfstætt reknum skólum utan borgarmarkanna ríkari rétt en sambærilegum skólum innan borgarinnar.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina leggja fram svohljóðandi bókun:

Alrangt er að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina telji að veita eigi sjálfstætt reknum skólum utan borgarmarkanna ríkari rétt en sambærilegum skólum innan borgarinnar. Þegar samningar við sjálfstætt rekna skóla í Reykjavík voru samþykktir á síðasta ári, tóku fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sérstaklega fram að þeir teldu æskilegt að sjálfstætt reknir skólar í borginni gætu dafnað í samræmi við spurn eftir þjónustu þeirra. Grundvallaratriðið er að nemendur í Reykjavík eigi einstaklingsbundið val um hvaða skóla þeir sækja, óháð rekstrarformi skóla eða sveitarfélagamörkum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata benda á að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina samþykktu tillögu um viðmið varðandi hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda í samningum við sjálfstætt starfandi grunnskóla á fundi ráðsins 23. september 2015. Í dag sitja sömu fulltrúar hjá þegar afgreidd er tillaga um sama viðmið í tilviki sjálfstætt starfandi grunnskóla utan Reykjavíkur.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina leggja fram svohljóðandi bókun:

Rétt er að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina samþykktu samninga við sjálfstætt rekna skóla í september sl. Við þá samþykkt var hins vegar lögð fram bókun um að samningarnir væru samþykktir í trausti þess að sjálfstætt reknir skólar í Reykjavík gætu áfram þróast með eðlilegum hætti og vaxið í samræmi við spurn borgarbúa eftir þjónustu þeirra. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina eru því andvígir slíkum hömlum gagnvart reykvískum nemendum, sem hafa hug á námi í sjálfstætt reknum skólum, hvort sem þeir eru innan eða utan borgarmarkanna.

4. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 25. apríl 2016, um rekstrarleyfi leikskóla fyrir Waldorfskólann Sólstafi. SFS2015030165

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um að fallast á beiðni Waldorfskólans Sólstafa um tveggja vikna frest til að uppfylla skilyrði rekstrarleyfisins hvað varðar stjórnun leikskólans samþykkt.

5. Lagðar fram til kynningar upplýsingar varðandi ráðningu skólastjóra við Laugalækjarskóla.
 - a) Greinargerð skóla- og frístundasviðs, dags. 25. apríl 2016, vegna ráðningar í stöðu skólastjóra við Laugalækjarskóla, trúnaðarmál.
 - b) Yfirlit yfir umsækjendur um stöðu skólastjóra við Laugalækjarskóla, trúnaðarmál.
 - c) Auglýsingar um stöðu skólastjóra við Laugalækjarskóla.
 - d) Viðmið vegna ráðninga skólastjóra leikskóla og grunnskóla í Reykjavík.

Sjö umsóknir bárust um stöðuna og var ákvörðun sviðsstjóra að ráða Jón Pál Haraldsson skólastjóra Laugalækjarskóla frá og með 1. ágúst 2016. SFS2016040137

Bókun skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum skólastjóra, Jóni Páli Haraldssyni, velfarnaðar í starfi og bakkar fráfarandi skólastjóra, Birni M. Björgvinssyni, fyrir vel unnin störf í þágu Laugalækjarskóla um árabil.

6. Lagðar fram til kynningar upplýsingar varðandi ráðningu skólastjóra við Háteigsskóla.
 - a) Greinargerð skóla- og frístundasviðs, dags. 25. apríl 2016, vegna ráðningar í stöðu skólastjóra við Háteigsskóla, trúnaðarmál.
 - b) Yfirlit yfir umsækjendur um stöðu skólastjóra við Háteigsskóla, trúnaðarmál.
 - c) Auglýsingar um stöðu skólastjóra við Háteigsskóla.
 - d) Viðmið vegna ráðninga skólastjóra leikskóla og grunnskóla í Reykjavík.

Þrettán umsóknir bárust um stöðuna og var ákvörðun sviðsstjóra að ráða Arndísi Steinþórsdóttur skólastjóra Háteigsskóla frá og með 1. ágúst 2016. SFS2016040061

Bókun skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum skólastjóra, Arndísi Steinbórsdóttur, velfarnaðar í starfi og þakkar fráfarandi skólastjóra, Ásgeiri Beinteinssyni, fyrir vel unnin störf í þágu Háteigsskóla um árabil.

- Kl. 12.40 vikur Sveinn Sigurður Kjartansson af fundi.

7. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 22. apríl 2016, um stjórnendateymi sameinaðrar frístundamiðstöðvar í Vesturbæ og Miðborg/Hlíðum. SFS2016040138

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítreka þau tilmæli að ekki verði gripið til beinna uppsagna við fækkun starfsmanna vegna sameiningar frístundamiðstöðvanna Kamps og Frostaskjólsheldur verði sú leið farin að ná fyrirhugaðri fækkun í samræmi við starfsmannaveltu hjá frístundamiðstöðvum borgarinnar.

- Kl. 12.50 vikja Rósa Ingvarsdóttir og Valgerður Janusdóttir af fundi og Hildur Skarphéðinsdóttir tekur þar sæti.
- 8. Lögð fram skýrslan *Styrkveitingar SFS, greining á styrkjum skóla- og frístundaráðs á árunum 2013-2015 út frá aðferðum kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar*, dags. 14. mars 2016. Ingibjörg M Gunnlaugsdóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs og Helga Gunnarsdóttir, fjármálafulltrúi á fjármála- og rekstrarþjónustu skóla- og frístundasviðs kynna og svara fyrirspurnum. SFS2016040145
- 9. Lögð fram skýrsla starfshóps, *Samráð við foreldra um skólalald í leik- og grunnskólum*, dags. í febrúar 2016. Nanna Kristín Christiansen, verkefnastjóri á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs, kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2015040089
- 10. Lagðar fram lokaskýrslur frístundamiðstöðva vegna 16+ verkefna árið 2015. Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. SFS2016040148
- 11. Lögð fram dagskrá Höfuð í bleyti, kynningar á áhugaverðum verkefnum á vettvangi frístundamála skóla- og frístundasviðs, sem fram fer í Gerðubergi 29. apríl 2016. SFS2016040121
- 12. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. apríl 2016, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, frá 95. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi félagsstarf eldri borgara og vinnutíma. SFS2016030076
- Kl. 13.55 vikja Marta Guðjónsdóttir og Soffía Pálsdóttir af fundi.
- 13. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggja fram svohljóðandi tillögu:

Að undanfögnu hefur mikið verið rætt um aukinn og alvarlegan kvíða og einnig þunglyndi meðal barna og unglinga í grunnskólum. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina telur brýnt að skóla- og frístundaráð bregðist nú þegar við og leggur því til að skóla- og frístundaráð leiti nú þegar leiða t.d. með breyttri forgangsörðun verkefna innan núverandi fjárramma til að rýmka megi það svigrúm sem skólastjórnendur hafa til að efla starf námsráðgjafa, umsjónarkennara eða annarra traustra og sérfróðra aðila með þeim nemendum sem þess óska eða álitid er að þurfi sérstaka aðstoð eða athygli hvað varðar mikinn kvíða og lítið sjálfstraust.

Frestað.

SFS2016040164

14. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi tillögu:

Mikil áhersla hefur verið lögð á að fjárhagsleg hagræðing í mótuneytismálum í leikskólum og grunnskólum borgarinnar komi alls ekki niður á gæðum matarins. Í ljósi kvartana sem koma bæði frá starfsfólki skólanna sem og foreldrum um rýrt næringargildi fæðis í leikskólum og grunnskólum leggur fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina til að fenginn verði hlutlaus aðili á vegum heilbrigðismála til að gera úttekt á matseðlum allra leik- og grunnskóla í Grafarvogi fyrstu fjóra mánuði þessa árs, 2016, til að meta hvort manneldismarkmið leikskóla og grunnskóla hafi náðst þar 100%, hvort breytinga sé þörf til að bæta matinn og komi þá með tillögur þar að lútandi.

Frestað.

SFS2016040165

15. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir greinargerð um fæðiskostnað í leikskólum og grunnskólum Reykjavíkurborgar þar sem eftirfarandi spurningum verði m.a. svarað. Óskað er eftir sundurliðuðu yfirliti sem ná yfir sl. fimm ár. Hver er upphæð fæðisgjalds sem foreldrar greiða og fæðisgreiðslu sem borgin úthlutar skólunum pr. barn? Hvernig er slíkum greiðslum varið með tillit til hráefniskaupa, launakostnaðar í eldhúsi o.s.frv.? Hvaða fyrirkomulag er viðhaft vegna fæðiskostnaðar starfsmanna? Liggur fyrir greining á kostnaði milli nemenda annars vegar og starfsmanna hins vegar? Að hve miklu leyti fullnægja máltíðir á leikskólum og grunnskólum borgarinnar tilgreindum manneldismarkmiðum?

SFS2016040166

16. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina óskar eftir upplýsingum um hvernig horfi með inntöku barna í leikskóla haustið 2016. Er stefnt að því að taka þá inn börn fædd í janúar og febrúar 2015 og þá aðeins þau eða verður börnum fæddum í mars 2015 einnig gefinn kostur á leikskólavistun í þeim leikskólum þar sem allar deildir yrðu ekki fullsetnar af janúar og febrúar börnum?

SFS2016040168

17. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina hafa borist ábendingar um að mögulega verði mikil fækkun í ákveðnum árgöngum leikskóladeilda í Vesturbænum nú í haust því útlit sé fyrir að rúmlega fimmtíu pláss séu að losna í þremur leikskólum í Vesturbænum. Foreldrar hafa lýst áhyggjum varðandi hvort deildum verði hugsanlega lokað og starfsfólki sagt upp störfum. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina óskar eftir upplýsingum um hvort til standi að loka þar deildum vegna barnaskorts á viðeigandi aldri eða hvort til standi að nýta plássin fyrir börn á öðrum aldri og eða bjóða jafnvel börnum úr öðrum hverfum leikskólavistun þar.

SFS2016040168

18. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í ljósi nýrra reglna um kynningar og gjafir í grunnskólum óskar fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina eftir upplýsingum um hvort skólastjórnendum beri að halda skrá yfir hvaða aðilar fá að koma með kynningar hverskonar, fræðsluerindi, skemmtanir s.s. bókaupplestur o.fl. inn í skólana á meðan að á skóladegi stendur sem og yfirlit yfir hvaða gjafir viðkomandi skóli hefur leyft til nemenda. Ef slíkt yfirlit er haldið, væri þá unnt að kalla eftir framangreindum upplýsingum t.d. tvö ár aftur í tímann, þ.e. hvaða kynningar og gjafir hafi verið leyfðar og hverjum hafnað enda væri slík upplýsingagjöf í anda gagnsæis og opinnar stjórnsýslu.

SFS2016040169

19. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina óskar eftir upplýsingum um hlutfall styrkþega sem hafa skilað greinargerð í samræmi við reglur vegna styrkja frá skóla- og frístundaráði á árunum 2013-2015.

SFS2016040170

Fundi slitið kl. 14:30

Skúli Helgason

Eva Einarsdóttir
Kjartan Magnússon
Sabine Leskopf

Jóna Björg Sætran
Líf Magneudóttir